

VELFERÐARRÁÐ

Ár 2021, miðvikudagur 17. nóvember var haldinn 415. fundur velferðarráðs og hófst hann kl. 13:02 í Hofi, Borgartúni 12-14. Á fundinn mættu: Heiða Björg Hilmisdóttir, Elín Oddný Sigurðardóttir, Sanna Magdalena Mörtudóttir, Ellen Jacqueline Calmon, Rannveig Ernudóttir og Kolbrún Baldursdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundabúnaði með vísan til heimildar í 1. málsl. 1. mgr. 54. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 13. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar: Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir. Af hálfu starfsmanna sátu fundinn: Agnes Sif Andrésdóttir, Berglind Magnúsdóttir, Kristjana Gunnarsdóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Dís Sigurgeirsdóttir og Randver Kári Randversson sem ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

1. Fram fer kynning á starfinu á velferðarsviði á milli funda velferðarráðs.
2. Lagt fram níu mánaða uppgjör velferðarsviðs fyrir tímabilið janúar – september 2021. Trúnaðarmál. VEL2021110041.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram bókun sem færð er í trúnaðarbók.

3. Lögð fram svohljóðandi tillaga sviðsstjóra, dags. 17. nóvember 2021, um samþykki samnings um neyslurými:

Lagt er til að meðfylgjandi samningur velferðarsviðs og Sjúkratrygginga Íslands um neyslurými fyrir skaðaminnkandi þjónustu fyrir einstaklinga með vímuefnavanda verði samþykktur. Gildistími samningsins er eitt ár frá 3. janúar til 31. desember 2022. Samningaviðræður velferðarsviðs við Rauða kross Íslands (RKÍ) um rekstur neyslurýmisins eru langt komnar. Áætlaður rekstrarkostnaður á ársgrundvelli nemur um 50 m.kr. á ári. Gert er ráð fyrir því að neyslurýmið verði færanlegt og starfrækt í bifreið Frú Ragnheiðar. Sjúkratryggingar Íslands standa straum af rekstrarkostnaði og er því ekki um að ræða kostnaðarauka fyrir velferðarsvið Reykjavíkurborgar. VEL2021110050.

Greinargerð fylgir tillögunni.

Samþykkt. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir fagna framkomnum samningi um rekstur neyslurýmis í Reykjavík. Borgarstjórn samþykkti þann 20. október 2020 að óska eftir viðræðum við ríkið um rekstur neyslurýmis og fól velferðarráð velferðarsviði að hefja viðræður við Rauða krossinn um rekstur færanlegs neyslurýmis á fundi sínum þann 21. mars sl. Markmið Reykjavíkurborgar er að halda áfram innleiðingu skaðaminnkandi hugmyndafræði í þjónustu Reykjavíkurborgar sem er mannréttindamiðuð nálgun sem byggist á því að draga úr skaða og aðstoða einstaklinga á þeirra eigin forsendum. Með samningnum við Sjúkratryggingar fæst nauðsynlegt fjármagn til að hægt sé að veita jaðarsettasta hópi samfélagsins lífsnauðsynlega heilbrigðisþjónustu. Neyslurými draga úr skaðlegum afleiðingum sem fylgja neyslu ávana- og fíkniefna, bæði fyrir einstaklinginn sjálfan, aðstandendur og nærsamfélagið.

Fulltrúi Sjálfstæðisflokksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að kominn sé á samningur um uppsetningu neyslurýma í borginni. Neyslurými hafa verið að skila mjög góðum árangri erlendis þá ekki síst vegna þess að það kemur þjónustuþegum nær heilbrigðisþjónustu eðli málsins samkvæmt. Í þeim löndum sem neyslurými eru til og eru vel nýtt hefur dauðsföllum sem rekja má til notkunar vímuefna í æð fækkað. Hér er verið að stíga

fyrstu skrefin í þessum málum en Sjálfstæðisflokkurinn vonast til að í náninni framtíð verði þetta úrræði komið í fastar skorður, staðsett á nokkrum stöðum og opið allan sólarhringinn.

Sigbrúður Erla Arnardóttir, framkvæmdastjóri Þjónustumiðstöðvar Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða, og Hrafnhildur Ólöf Ólafsdóttir, deildarstjóri, vettvangs- og ráðgjafarteymi, taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

4. Fram fer kynning á ársskýrslu velferðarsviðs 2020. VEL2021110042.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Eins og fram kemur í ársskýrslunni er kallað eftir meiri þjónustu úr öllum áttum. Af hverju? Svör við þeirri spurningu eru sennilega mörg og margvísleg. Fólk kallar ekki eftir þjónustu að ástæðulausu. Fulltrúi Flokks fólksins hugsar fyrst og fremst til þeirra verst settu og barnanna. Í nýlegri skýrslu Barnaheilla er það staðfest að fátækt fer vaxandi í Reykjavík. Ójöfnuður hefur aukist. Hér á landi eiga um 12,7% á hættu að búa við fátækt. Hættan leggst mismunandi á fjölskyldur en verst á börn einstæðra foreldra, börn foreldra sem eru á örorkubótum, börn með fötlun, börn innflytjenda og börn sem tilheyra fjölskyldum með erfiðar félagslegar og efnahagslegar aðstæður. Samhliða versnandi stöðu hefur orðið fjölgun beiðna til skólaþjónustu. Í lok árs 2020 biðu 1175 eftir skólaþjónustu og nú bíða 1464 börn. Það sýnir glögg aukninguna og hefur ekki verið tekið skref til að mæta þessari aukningu að heitið geti. Árið 2020 bárust 473 tilvísanir vegna málproskavanda, 445 vegna einbeitingarvanda, 280 vegna tilfinningalegra erfiðleika, 240 vegna hegðunarerfiðleika og 101 vegna slakrar félagsfærni. Gera má ráð fyrir að allar þessar tölur hafi hækkað til muna. Börn sem glíma við vanda eiga erfitt með að einbeita sér að námi og að nýta greind og getu sína. Vanlíðan hefur áhrif á allt í lífi þeirra.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Umsóknum um skólaþjónustu hefur fjölgað hratt undanfarið í tengslum við COVID-faraldurinn. Til að bregðast við þessu samþykkti borgarráð 140 milljón króna fjárheimild í júlí á þessu ári til að fara í sérstakt átak í að styðja við börn sem leitað hafa eftir þjónustu sálfræðinga og talmeinafræðinga skólaþjónustunnar. Með því framlagi verður hægt að veita allt að 650 börnum þjónustu sálfræðinga eða talmeinafræðinga á næstu 12 mánuðum. Nú þegar má sjá þess merki ef skoðuð eru virk mál í lykiltölum velferðarsviðs.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúi Flokks fólksins veit að samþykkt var í borgarráði 140 milljón króna fjárheimild í júlí á þessu ári til að ráða sálfræðinga og talmeinafræðinga skólaþjónustunnar. Fulltrúi Flokks fólksins samþykkti þessa viðbót með ánægju. En samt sér ekki högg á vatni. Á upplýsingavef borgarinnar um fjölda á biðlista er ekki séð að nein breyting hafi orðið á biðlistum. Er kannski ekki búíð að ráða neina sálfræðinga og talmeinafræðinga fyrir þessa 140 milljóna viðbótarfjárheimild?

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Ef skoðaðar eru lykiltölur má sjá að virkum málum skólaþjónustu hefur fjölgað milli ára. Í janúar - september 2020 voru virk mál 2.901 en árið 2021 eru þau 5.061. Það er því augljóst að fleiri börn eru nú að fá skólaþjónustu en áður.

Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, teymisstjóri árangurs- og gæðamats á skrifstofu sviðsstjóra og Hólmfríður Helga Sigurðardóttir, upplýsingafulltrúi velferðarsviðs, taka sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

5. Lagt fram samkomulag milli Sjúkratrygginga Íslands og Reykjavíkurborgar, dags. 10. nóvember 2021, um breytingu á samningi um heimahjúkrun, dags. 21. desember 2020. VEL2021110049.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir fagna samkomulagi við Sjúkratryggingar Íslands um aukna þjónustu færanlegs öldrunarteymis í heimahjúkrun - SELMA. Þjónustan verður nú í boði alla daga vikunnar. Frá kl. 9 - 20 virka daga og kl. 10 - 16 um helgar. Árangurinn er ótvíræður og árangursmælingar sýna fram á mikilvægi þjónustu SELMU sem hluta af samþættri heimaþjónustu. Í skoðun er hvort teymið muni þjónusta allt höfuðborgarsvæðið í samstarfi við Heilsugæslu Höfuðborgarsvæðisins, slíkt má þó ekki koma niður á þjónustu við Reykvíkingsa. Velferðarráð vill að lokum þakka velferðasviði fyrir farsæla innleiðingu á flóknu verkefni, eldra fólki í borginni til hagsbóta.

6. Lagt fram minnisblað, dags. 17. nóvember 2021, um stöðu viðræðna við heilbrigðisráðuneytið vegna sveigjanlegrar dagdvalar í Seljahlíð. VEL2021090001.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúarnir taka undir það sem fram kemur í áfangaskýrslu Öldrunarheimila Akureyrar, að sveigjanleg dagþjálfun sé jákvæð þjónusta sem skilar árangri. Um er að ræða þjónustu sem eykur þjónustugetu og dregur úr þörf fyrir varanlega dvöl á hjúkrunarheimili sem og seinkar þeirri þörf. Sveigjanleg dagdvöl styður við þá hugmyndafræði að skapa aðstæður fyrir fólk að búa áfram heima. Þá léttir það á álagi á aðstandendur og bætir viðhorf fólks til þeirrar tilhugsunar að flytjast síðar á hjúkrunarheimili. Þá er áhugavert að skoða áhrif og árangur úrræðisins á líf og heilsu þeirra sem fengu að nýta þjónustuna, en áberandi var að það bæti andlega líðan, og stuðlaði að viðheldni og framförum í líkamlegri færni. Þótt ekki verði unnt að innleiða verkefnið að svo stöddu í Seljahlíð þá hafa fulltrúarnir áhuga á að slíkt úrræði verði áfram til skoðunar í samtali við ríkið.

7. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 17. nóvember 2021, við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um árskort og önnur tímabilskort fyrir notendur akstursþjónustu fatlaðs fólks, sbr. 21. lið fundargerðar velferðarráðs frá 6. október 2021. VEL2021100007.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fram kemur í þessu svari að árskort hefði verið hagkvæmara fyrir 501 einstakling af þeim 874 einstaklingum sem nýttu sér ferðaþjónustu fatlaðra árið 2019. Ef allir þeir einstaklingar hefðu farið þá leið að kaupa árskort hefði það kostað um 36 m.kr. á ári. Hér er ekki um stórar upphæðir að ræða í heildarsamhenginu að mati fulltrúa Flokks fólksins. Þetta er pólitísk ákvörðun og ekki séð að þetta sé neitt forgangsmál. Sé vilji til að fatlað fólk hafi það betra en það hefur það núna þá er hægt að gera það t.d. með þessari aðgerð. Þegar á allt er litið og horft til þessara mála þykir fulltrúa Flokks fólksins það ósanngjarnt að fólki sé nánast refsað fyrir að vera fatlað. Fötlun er ekki á óskalista neins. Reykjavíkurborg, meirihlutinn sem nú ríkir, þarf að skoða menningu og viðhorf til þessara mála og gæta þess í hvívetna að fatlað fólk njóti jafnræðis og réttlætis.

8. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 17. nóvember 2021, við fyrirspurn fulltrúa Sósíalistaflokks Íslands um sérstakan húsnæðisstuðning, sbr. 11. lið fundargerðar velferðarráðs frá 3. nóvember 2021. VEL2021110031.
9. Lagt fram svar sviðsstjóra, dags. 17. nóvember 2021, við fyrirspurn fulltrúa Flokks fólksins um aldur og aðstæður þeirra sem bíða eftir sértæku húsnæði, sbr. 9. lið fundargerðar velferðarráðs frá 15. september 2021. VEL2021090022.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins bað um upplýsingar um aldur og aðstæður þeirra sem bíða eftir sértæku húsnæði. Það sem fulltrúi Flokks fólksins óttaðist mest er hér staðfest. Langflestir búa heima hjá foreldrum/foreldri eða 85 einstaklingar af 136. Hér er í mörgum tilfellum um að ræða einstaklinga sem komnir eru vel á þrítugs- og jafnvel fertugsaldur. Margir hafa beðið í mörg ár eftir húsnæði. Dæmi eru um að álagið sé svo mikið að foreldrar séu komnir á tímabundna örorku svo ekki sé minnst á það álag sem þetta er á umsækjendur sjálfa. Fulltrúi Flokks fólksins veltir fyrir sér hvort nægur skilningur sé innan borgarkerfisins á aðstæðum þeirra sem glíma við þroskahömlun og aðstandenda þeirra?

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna leggja fram svohljóðandi gagnbókun:

Núverandi meirihluti hefur sett búsetumál fatlaðs fólks í forgang. Á kjörtímabilinu hefur samtals 120 einstaklingum verið úthlutað íbúð í sértækum búsetuúrræðum fyrir fatlað fólk og heldur uppbyggingin áfram fullum fetum. Eins og fram kemur í svari sviðsins eru flestir sem bíða eftir húsnæði fyrir fólk með þroskahömlun á aldrinum 18-24 ára auk þess sem 78% þeirra fá aðra þjónustu frá velferðarsviði meðan beðið er. Það er áfram forgangsmál að halda áfram öflugri uppbyggingu í þágu fatlaðs fólks í Reykjavík.

Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi gagnbókun:

Fulltrúi Flokks fólksins sagði ekki að ekkert hafi verið gert, það sem gert er, er bara ekki nóg. Á annað hundrað einstaklingar bíða enn eftir sértæku húsnæði. Það er miður að vita til þess að þessir einstaklingar, meirihlutinn býr hjá foreldrum sínum sem eru margir að niðurlotum komnir. Mest er álagið á umsækjendurna sjálfa.

10. Fulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn:

Hinn 1. nóvember 2021 voru 400 börn á biðlista, á bið eftir þjónustu talmeinafræðings. Fulltrúi Flokks fólksins óskar eftir nánari sundurliðun á þessum vanda barnanna og greiningu á tilvísunum eftir alvarleika. Það er sérlega bagalegt að öll þessi börn séu að bíða eftir svo mikilvægri þjónustu. Ef horft er til þeirra barna sem glíma við málþroskavanda þá hafa rannsóknir sýnt að börn og unglingar með málþroskaröskun eru líklegri til að upplifa erfiðleika í félagslegum aðstæðum og eru þau einnig berskjaldaðri fyrir tilfinningalegum erfiðleikum. Á unglingsárunum eykst þörf einstaklinga fyrir náin félagsleg samskipti við jafningja. Slök máltjáning og slakur orðaforði er ein aðalástæða þess að unglingar með málþroskaröskun eru líklegri til að upplifa erfiðleika í tengslamyndun við félaga sína vegna þess að tímabil unglingsára er talið eitt það mest krefjandi tímabil í lífi fólks þar sem á þeim árum eiga miklar breytingar sér stað, bæði líffræði-, vitsmuna-, félags- og tilfinningalega.

- kl. 14:43 vikur Ragnhildur Alda Vilhjálmisdóttir af fundinum.

Fundi slitið kl. 14:46

Heiða Björg Hilmisdóttir

Sanna Magdalena Mörtudóttir
Kolbrún Baldursdóttir
Rannveig Ernudóttir

Elín Oddný Sigurðardóttir
Ellen Jaqueline Calmon